

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 5 2025

Staður: Teams

Tími: miðvikudagur 23. apríl 2025 kl. 13:15

Mættir: Jóhanna Gísladóttir, Haukur Þórðarson, Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, Þórunn Jónsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir og Jón Björn Blöndal. Helena Guttormsdóttir var gestur fundarins undir lið 1 og Björn Þorsteinsson gestur undir lið 2.

Forföll: Ingiberg Daði Kjartansson, Birgir Þór Haraldsson og Guðmundur Fertram Sigurjónsson.

Fundur settur 13:15.

1. Kynning frá hæfisnefnd

Verklagsreglur vegna ráðningar deildar- og kennsluforseta kynntar, ræddar og samþykktar einróma. Helena Guttormsdóttir fyrir hönd hæfisnefndar kynnti þá vinnu sem fram hefur farið um mat á umsækjendum um störf deildarforseta og kennsluforseta. Erindi frá Bjarna Diðrik tekið til umræðu á fundinum, þar sem boðið var um að tveir hæfustu einstaklingar sem sótt hefðu um stöðu deildar- og kennsluforseta kynntu sig fyrir starfsmönnum áður en ákvörðun yrði tekin um ráðningu. Þar sem ljóst var að hæfisnefndin hafði einungis ákveðið að mæla með einum umsækjanda í starf deildarforseta og einum umsækjanda í starf kennsluforseta var ákveðið að ekki væri þörf á slíkri kynningu áður en þeim einstaklingum yrði boðið starf.

2. Kynning frá fagdeild

Björn Þorsteinsson deildarforseti Ræktunar og fæðu mætti á fundinn og kynnti starf deildar. Rætt var um fjölda nemenda á hverju stigi, starfsmannabreytingar og helstu áherslusvið. Háskólaráð upplýst um stöðu umsókna um störf lektora í jarðrækt og hestafræði, ásamt öðrum störfum deildar. Þarfir deildar ræddar varðandi starfsmannahald.

3. Ársreikningur vegna 2024

Ársreikningur vegna ársins 2024 kynntur fyrir háskólaráði.

4. Starfsánægja

Viðbrögð stjórnenda við niðurstöðum könnunar Stofnunar ársins voru kynnt á starfsmannafundi þann 17. mars sl.. Ráðgjafarfyritækið Líf og sál var ráðið til þess gera greiningu. Flestum viðtölum við starfsmenn er lokið og gert er ráð fyrir að hægt verði að kynna niðurstöðurnar á háskólafundi þann 13. maí næstkomandi. Þá hefur starfsmönnum verið boðið upp á viðbótar starfsmannasamtal nú á vormánuðum.

5. Hugverkastefna

Drög að hugverkastefnu fyrir háskólann lögð fram og kynnt, en þau voru unnin í samráði við Auðnu tæknitorg. Umræða um drögin fór fram sem munu halda áfram í rýni og frekara samráðs leitað. Gert er ráð fyrir að samþykkja stefnuna á fundi háskólaráðs í maí.

6. Samvinna við hagaðila

RML og LbhÍ hafa átt í miklu samstarfi og staðið fyrir ráðunautafundum í ágúst á hverju ári. Ræddar voru hugmyndir um að opna hluta af þeirri dagskrá fyrir bændum og öðrum áhugasömum.

Unnið hefur verið að samstarfssamningi við Land og skóg, sem verður undirritaður á næstunni.

Í gegnum LIFE verkefnið mun samstarf aukast við þá hagaðila sem þar eru innanborðs; Náttúruverndarstofnun, Náttúrufræðistofnun, Land og skóg, Hafrannsóknastofnun, Fuglavernd og RSPB.

Í gegnum undirbúningsvinnu að dýralæknanámi hefur samstarf aukist við Háskólann á Hólum, Tilraunastöð HÍ á Keldum og Háskóla Íslands.

Vaxandi samstarf við hagaðila. Samstarf við Bændasamtökin hefur aukist m.a. í gegnum námskeið Endurmenntunar. Lagt til að háskólaráð kalli eftir fundi með stjórn Bændasamtakanna. Rektor falið að kalla eftir slíkum fundi í haust.

Rætt um frekara samtal við afurðastöðvarnar á Íslandi um samstarf. Rektor falið að kalla eftir slíkum fundi í haust.

Hugmynd um opin fund með bændum rædd, og þá væri hægt að tengja það m.a. við nýlegt verkefni háskólans um hátæknilandbúnað og drónanotkun.

Aukið samstarf við bændur um rannsóknaverkefni rædd til þess að styrkja tengingar milli bænda og akademísku starfs.

7. Mál til kynningar

Jarðræktarmiðstöð – sökklar og jarðvinna fara í útboð í næstu viku.

Gróðurhús – fer í útboð í næstu viku.

7 umsóknir bárust í doktorsnámssjóð LbhÍ, 4 með nemanda og 3 án.

Jóhanna sagði frá stöðu LIFE verkefnisins.

Nýr bústjóri ráðinn frá 1. apríl sl.

Skeifudagurinn haldinn á Mið-Fossum á morgun, sumardaginn fyrsta, og opin dagur á Hvanneyri einnig þar sem skoða má Nemendagarða og umhverfið og kynna sér nám sem er í boði.

Fulltrúar bandaríska sendiráðsins koma í heimsókn á föstudaginn 25. apríl á Hvanneyri.

Evrópusambandið undirbýr styrki til netsamstarfs s.s. UNlgreen til að bjóða bandarískum sérfræðingum til starfa.

Minnt á 13. maí – ársfundur og háskólafundur f.h. í Hörpu. Brýnt að háskólaráðsfulltrúar taki þátt ef þeir hafi tök á. Háskólaráðsfundur eftir hádegi.